

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 21. febrúar 2023

Mál nr. E-2332/2021:

Golden Seafood Company ehf.

(Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður)

gegn

Steinbock-þjónustan ehf.

(Þorsteinn Einarsson lögmaður)

d ó m u r :

Mál þetta, sem þingfest var 17. nóvember 2021 og dómtekið 2. febrúar sl., var höfðað með stefnu, birtri 11. nóvember 2021. Stefnandi er Golden Seafood Company ehf., kt. [...], Grandatröð 8, 220 Hafnarfirði.

Stefndi er Steinbock þjónustan ehf., kt. [...], Vesturvör 32a, Kópavogi.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð 5.500.000 krónur eða lægri fjárhæð með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 21. ágúst 2021 til greiðsludags.

Til vara er þess krafist að stefnanda verði dæmdar skaðabætur úr hendi stefnda að álitum með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2021 frá 21. ágúst 2021 til greiðsludags. Að auki er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst þess aðallega að vera sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til vara að krafa stefnanda verði lækkuð verulega. Að auki er krafist málskostnaðar.

Undir rekstri málsins óskaði stefnandi eftir því að dómkvaddur yrði matsmaður til að meta hvert væri hæfilegt endurgjald vegna afnotamissis stefnanda af lyftaranum JL-8421 fyrir tímabilið 1. nóvember 2019 til 1. september 2021. Var matsgerð lögð fram í þinghaldi þann 24. október 2022.

Stefndi lagði fram matsbeiðni í þinghaldi þann 25. febrúar 2022 og óskaði eftir því að dómkvaddur yrði óvilhallur matsmaður til að meta hvert væri verðmæti lyftarans JL-8421 í september 2021 eftir viðgerð stefnda á lyftaranum, sem lýst sé í reikningi dags. 1. nóvember 2020 og í yfirliti verks no. 47915. Hvert hefði verið verðmæti lyftarans JL-8421 í september 2021 ef viðgerð, sem lýst er í reikningi dags. 1. nóvember 2020 og í

yfirliti verks 47915, hefði ekki verið unnin. Hver hafi verið verðmætaaukning lyftarans JL-8421 í september 2021 vegna viðgerðar sem matsbeiðandi framkvæmdi á lyftaranum í september og október 2019. Var matsgerðin lögð fram í þinghaldi þann 24. október 2022.

Sættir tókust ekki með aðilum og fór aðalmeðferð málsins fram 2. febrúar sl. og var málið dómtekið að málflutningi loknum. Í ljósi efnis matsbeiðna og niðurstöðu matsmanna taldi dómariinn ekki ástæðu til að kveðja til sérfróða meðdómsmenn til setu í dóminum.

Málsatvik.

Stefnandi rak fiskvinnslu um árabíl og átti, í tengslum við þá starfsemi, í margvíslegum viðskiptum við stefnda og systurfélag hans, Íslyft ehf., sem selja og þjónusta lyftara. Stefnandi leigði Sjávarheimi ehf. fiskvinnsluhúsnæði sitt í Hafnarfirði ásamt tækjum og búnaði árið 2018 og var umþrættur lyftari þar á meðal.

Stefndi og Íslyft ehf. lúta sömu stjórn og er eignarhald þeirra nokkurn veginn hið sama. Sami fyrirsvarsmaður er fyrir félögin. Stefnandi hefur átt í löngum og margvíslegum viðskiptum við bæði stefnda og Íslyft ehf. frá upphafi reksturs síns, er varðar kaup, sölu og viðgerðir á lyfturum, og ekki alltaf ljóst við hvorn aðilann viðskiptin eru.

Upphaf máls þessa er að stefnandi keypti lyftara af stefnda, JL-8421, í júlí 2014 og var kaupverðið 3.200.000 krónur. Kemur fram á afsali fyrir lyftarann að hann seljist yfirfarinn í góðu ástandi. Greitt var fyrir lyftarann með afhendingu annars lyftara (skrán.nr. JL-8005) og peningum, 2.162.872 krónum. Stefndi rekur lyftaraþjónustu. Fyrir dóminum kom fram að JL-8421 var notaður lyftari.

Þann 28. nóvember 2014 sendi stefnandi til stefnda eyðublað um tilkynningu um eigendaskipti til Vinnueftirlitsins, til áritunar af hálfu stefnda, en sjálfur hafði stefnandi undirritað blaðið. Stefndi undirritaði ekki tilkynninguna og varð því aldrei formleg eigendaskipti á lyftaranum JL-8421. Hins vegar er ekki ágreiningur milli aðila um eignarhald lyftarans.

Varsla stefnda á lyftaranum er þannig til komin að í september 2019 kom upp bilun í lyftaranum og stefndi eða eftir atvikum Íslyft ehf. tók lyftarann til viðgerðar. Verkbeiðandi var leigutakinn, Sjávarheimur ehf. Var lyftarinn ekki afhentur stefnanda né Sjávarheimi ehf. fyrr en að gengnum úrskurði Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. A-

3357/2020 uppkveðnum 1. júní 2021 þar sem stefnanda var heimilað að fá lyftarann sér afhentan úr vörslum stefnda. Mun lyftarinn ekki hafa verið afhentur fyrr en þremur mánuðum síðar eða í lok ágúst 2021.

Í gögnum málsins liggur fyrir yfirlýsing frá fyrirsvarsmanni Sjávarheims ehf. þar sem segir að Sjávarheimur ehf. hafi ekki haft umræddan lyftara á leigu frá stefnanda frá 1. september 2020 en fram að þeim tíma hafi fyrirtækið leigt bæði aðstöðu og tæki frá stefnanda. Þá segir í yfirlýsingunni að Sjávarheimur ehf. hafi aldrei óskað eftir viðgerð á umræddum lyftara og hafi ekki komið honum til viðgerðar heldur hafi verið óskað eftir því að lyftarinn yrði yfirfarinn á staðnum af Íslyft ehf./stefnda. Lyftarinn hafi verið fjarlægður af Íslyft ehf. eða stefnda og ekki verið skilað aftur. Hafi Sjávarheimur ehf. fengið þær skýringar að stefndi myndi ekki skila lyftaranum aftur þar sem lyftarinn væri eign stefnda.

Þá liggur fyrir akstursbeiðni frá Íslyft ehf. dagsett 27. nóvember 2014 til Króks um að sækja lyftara JL-8421 og senda á Melabraut og taka til baka JL-8005 á Eyrartröð. Er það upphaf viðskipta aðila vegna JL-8421.

Í tölvupósti frá 29. janúar 2015 frá Eimskip til stefnda segir að nýi lyftarinn frá honum sé ekki að ganga sem skyldi og tefji alla afgreiðslu á fiski.

Fyrir liggur bréf frá 20. júní 2017 frá stefnanda til Íslyft ehf., þar sem tekið er fram að lyftarinn hafi ítrekað bilað og komi stefnanda að litlum sem engum notum. Reynt hafi verið að gera við lyftarann og hafi stefnanda verið gerður reikningur vegna þeirrar viðgerðar en reikningurinn síðan felldur niður þar sem um galla hafi verið að ræða. Engin gögn liggja hins vegar fyrir í málinu um lok þeirra viðskipta.

Í tölvupósti frá lögmanni stefnanda til Íslyft ehf., þann 14. nóvember 2019, segir að pósturinn sé sendur í framhaldi af símtali þeirra í vikunni. Rakið er að stefnandi hafi haft erfiða fjárhagsstöðu sl. tvö ár og því ekki farið með málið fyrir dómstóla. Stefnandi leigi fyrirtækið, fasteign og m.a. lyftarann. Er rakið í erindinu að stefndi hafi neitað því að afhenda lyftarann og nú vísi stefndi til eldri krafna og að lyftarinn sé skráður á Íslyft ehf. Því er mótmælt í bréfinu. Er því mótmælt að heimilt sé að leggja hald á lyftarann vegna meintra eldri krafna svo og að Íslyft ehf. sé skráður eigandi lyftarans.

Í tölvupósti þann 25. nóvember 2019 frá lögmanni stefnanda til stefnda segir að Gísli hjá Íslyft hafi hringt og sent á sig hreyfingalista og ætlaði að hafa samband við leigjandann og reyna að koma því í kring að þeir fengju lyftarann.

Í tölvupósti þann 21. janúar 2020 frá lögmanni stefnanda til fyrirvarsmanns Íslyft ehf. ítrekar lögmaður stefnanda tölvupóst og bréf sem hann sendi til Íslyft ehf. þann 14. nóvember 2019 og kvað ekkert hafa gerst í málinu af hálfu Íslyft þrátt fyrir mögulega skaðabótakröfu og kröfu um að afhenda lyftarann.

Í greinargerð stefnda í aðfararmálinu A-3357/2020, dagsettri 9. mars 2021, bar stefndi það fyrir sig að hann hefði haldsrétt á lyftaranum vegna ógreidds reiknings Sjávarheims ehf. að fjárhæð 1.875.012 krónur. Í þeim úrskurði kemur fram að nefndur reikningur hafi ekki verið gefinn út fyrr en í nóvember 2020 en viðgerð lyftarans farið fram haustið 2019.

Í tölvupósti þann 20. apríl 2021 milli fyrirvarsmanns Sjávarheims ehf. og starfsmanns stefnda staðfestir fyrirvarsmaður Sjávarheims ehf. að það sé rétt að hann hafi óskað eftir skoðun og viðgerð á lyftaranum þar sem hann hafi verið bilaður og ekki nothæfur.

Í bréfi stefnanda til stefnda þann 15. júlí 2021 krefst stefnandi skaðabóta vegna ólögmeats halds á lyftaranum. Kvaðst stefnandi í bréfinu ítrekað hafa krafist stefnda um afhendingu lyftarans sem stefndi hafi ekki orðið við. Við þeim kröfum hafi stefnandi ekki fengið nein svör frá stefnda og hafi málið endað hjá héraðsdómi eins og að framan er rakið. Var afhending lyftarans ítrekuð og gerð krafa um skaðabætur vegna afnotamissis sem svaraði til 250.000 króna mánaðarleigu á lyftaranum.

Með tölvupósti þann 24. ágúst 2021 svaraði lögmaður stefnda bréfi stefnanda og hafnaði skaðabótakröfu stefnanda. Þá hafi stefnandi mátt sækja lyftarann í framhaldi af niðurstöðu héraðsdóms í júní 2021.

Stefnandi lagði fram reikning á hendur Sjávarheimi ehf., dagsettan 6. ágúst 2020, að fjárhæð 417.005 krónur vegna tækjaleigu í ágúst 2020. Þá lagði stefndi fram reikning á hendur Sjávarheimi ehf., dagsettan 1. nóvember 2020, að fjárhæð 1.875.012 krónur vegna JL-8421. Þá lagði stefndi fram reikninga á hendur stefnanda, dagsetta 19. febrúar 2016 að fjárhæð 617.657 krónur vegna JL-7495, 24. febrúar 2016 að fjárhæð 99.976 krónur vegna JL-8424, 11. mars 2016 að fjárhæð 709.419 krónur vegna JL-8421, 24. janúar 2017 að fjárhæð 158.593 krónur vegna JL-8421, 24. janúar 2017 að fjárhæð 102.066 krónur vegna LJ-8421, 24. janúar 2017 að fjárhæð 551.966 krónur vegna LJ-7495, 24. janúar 2017 að fjárhæð 33.347 krónur vegna JL-8421, 24. janúar 2017 að fjárhæð 114.944 krónur vegna JL-7495 og reikningsyfirlit frá 22. mars 2012 til 27.

október 2021 þar sem segir að skuld stefnanda við stefnda á þeim degi sé samtals 4.302.806 krónur.

Tvær matsgerðir liggja fyrir í málinu. Að beiðni stefnanda var dómkvaddur matsmaður til að meta hvert væri hæfilegt endurgjald vegna afnotamissis stefnanda á lyftaranum JL-8421 fyrir tímabilið 1. nóvember 2019 til 1. september 2021. Í svari matsmanns segir að lyftarinn sé hefðbundinn rafmagnslyftari, gerð Linde E25, með lyftigetunni 2,5 tonn, árgerð 2008 og með snúning sem aukabúnað. Leiguverð hjá Örmum, sem sé fyrirtæki sem starfi á útleigumarkaði á t.d. lyfturum, lyftum, rafstöðum, krönum o.fl., sé um 55.000 krónur fyrir vikuna að virðisauka viðbættum en um 176.000 krónur auk virðisaukaskatts ef um mánaðarleigu er að ræða. Í nefndu leigugjaldi sé viðhald og þjónusta innifalin. Munur á leiguverði milli almennrar leigu, eins og verðskrá Arma byggist á, og hins vegar þurrleigu sé oftast 15% til 25%. Því sé leiguverðið á umræddum lyftara um 145.000 krónur mínus 20% eða 116.000 krónur auk virðisaukaskatts á mánuði. Telur matsmaður að hæfilegt leigugjald fyrir tímabilið 1. nóvember 2019 til 1. september 2021 sé 2.552.000 krónur auk virðisaukaskatts.

Þá liggur fyrir matsgerð dómkvadds matsmanns sem að beiðni stefnda svaraði því 1) hvert væri verðmæti lyftarans LJ-8421 eftir viðgerð matsbeiðanda á lyftaranum sem komi fram á reikningi stefnda, 2) hvert hefði verið verðmæti lyftarans JL-8421 í september 2021 ef viðgerð sem lýst er í reikningi dags. 1. nóvember 2020 og í yfirliti verks 47915 hefði ekki verið unnin, 3) hver hafi verið verðmætaaukning lyftarans JL-8421 í september 2021 vegna viðgerðar sem matsbeiðandi framkvæmdi á lyftaranum í september og október 2019.

Í svari matsmanns við spurningu 1) segir að miðað við kaupverð lyftarans JL-8421 í júlí 2014, sem hafi verið 3.200.000 krónur, sé reiknað með 15% afföllum á ári. Þá hafi verðlagsreiknivél Hagstofu Íslands verið notuð til að leiðrétta verðmæti hans milli ára. Var áætlað verðmæti lyftarans þann 1. nóvember 2020 að lokinni viðgerð 3.107.668 krónur. Vegna spurningar 2) segir í matsgerðinni að miðað sé við kaupverð lyftarans JL-8421 í júlí 2014 sem hafi verið 3.200.000 krónur og með 15% afföll á ári. Auk þess hafi verið notuð verðlagsreiknivél Hagstofu Íslands til að leiðrétta verðmæti hans milli ára. Þá sé áætlað verðmæti lyftarans 1. nóvember 2020, ef viðgerð hefði ekki farið fram, 1.232.656 krónur.

Í svari matsmanns við spurningu 3) segir að verðmætaaukning vegna viðgerðarinnar í október og nóvember 2019 sé 1.875.012 krónur, efni og vinna. Ekki sé

hægt að draga vinnulið frá verðmætaaukningu því að ef eingöngu eigi að taka tillit til varahluta sem hafi verið notaðir þá sé spurning hver hefði átt að setja þá í.

Í matsgerðinni segir að þar sem lyftarinn hafi verið í óökuhæfu ásandi við skoðun sé matið eingöngu byggt á tölum úr gögnum sem matsmaður hafi fengið frá lögmönnum. Horft sé fram hjá því hvernig lyftarinn sé í akstri eða vinnu á matsdegi. Áætlað verðmæti lyftarans sé eingöngu faglegt. Hvað hefði verið hægt að fá fyrir lyftarann sé tala sem bæði seljandi og kaupandi hefðu sætt sig við á þeim tímapunkti, s.s. vegna framboðs og eftirspurnar á nýjum eða notuðum tækjum.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir kröfu sína á því að um sé að ræða saknæma og ólögmæta háttsemi af hálfu stefnda sem hafi bakað stefnanda tjón. Háttsemin sé fólgin í því að stefndi hafi haldið eign stefnanda hjá sér með ólögmætum hætti og bakað stefnda tjón af ásetningu eða eftir atvikum gáleysi. Stefndi beri ábyrgð á þessu tjóni gagnvart stefnanda. Tjónið sé fólgið í afnotamissi af lyftaranum JL-8421 og töpuðum leigutekjum af tækinu. Stefnandi byggir jafnframt á því að stefndi beri hlutlæga bótaábyrgð á tjóni stefnanda.

Stefnandi kveður mál þetta snúast um að stefndi hafi tekið og haldið hjá sér í heimildarleysi eign stefnanda í tæplega tvö ár. Með því hafi stefndi, gegn lögvörðum eignarrétti stefnanda yfir tækinu, bakaði stefnanda tjón. Eins og fram komi í úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, í máli nr. A-3357/2020, hafi í málinu verið óumdeilt að stefnandi væri og sé eigandi umrædds lyftara og réttur aðili að kröfu um afhendingu lyftarans. Sé eignarhald stefnanda því óumdeilt og hann réttur aðili að kröfu um skaðabætur vegna hins ólögmæta halds stefnda á lyftaranum. Staðfest sé með framangreindum úrskurði héraðsdóms að hald stefnda á lyftaranum hafi verið óréttmætt og því ólögmætt.

Á því er byggt í málinu að fyrir liggi að haldsréttur hafi verið óréttmætur og stefnda beri því að bæta tjón stefnanda.

Bótakrafa stefnanda byggist á því, sem fyrr segi, að stefndi beri ábyrgð á grundvelli almennu sakarreglunnar, þ.e.a.s. að háttsemi hans hafi verið bæði saknæm og ólögmæt.

Stefnandi telur að háttsemi stefnda hafi jafnframt verið saknæm. Eftir því sem stefnandi kemst næst ákvað stefndi upphaflega að fjarlægja lyftarann á þeim grundvelli að hann ætti tekið, en sem fyrr segir undirritaði stefndi á sínum tíma aldrei tilkynningu um eigendaskipti á lyftaranum, þrátt fyrir að enginn ágreiningur hefði verið um að hann

væri að fullu greiddur og eign stefnanda. Hugsanlega hafi lyftarinn því upphaflega verið fjarlægður fyrir misskilning starfsmanna stefnda. Stefnandi hóf að krefjast afhendingar lyftarans til baka þegar í október 2019, en þá hafi verið fát um svör hjá stefnda. Þá þegar vissi stefndi um afstöðu stefnanda til málsins, án þess að bregðast við með nokkrum hætti. Á þeim tímapunkti hafi haldsrétti í tækinu ekki verið borið við en óljóst hafi verið ýjað að ógreiddum reikningum vegna viðgerða á öðrum lyfturum, jafnvel ekki einu sinni við stefnda. Stefnda hafi verið gert ljóst að slíkt gæti alls ekki verið grundvöllur haldsréttar. Virðist því um einbeittan ásetning að ræða.

Stefnandi hafi haldið áfram að senda stefnda erindi um að fá tækið afhent, án árangurs. Raunar hafi engar skýringar fengist á háttsemi stefnda fyrir en hann lagði fram greinargerð í málinu í upphafi árs 2021, eftir að stefnandi hafði lagt fram aðfararbeiðni og krafist þess fyrir dómi að fá tækið afhent. Þá fyrst hafi stefndi borið við haldsrétti vegna ógreidds reiknings fyrir viðgerð á þessum tiltekna lyftara. Eins og fram komi í úrskurði héraðsdóms hafi sá reikningur hins vegar ekki verið kynntur stefnanda fyrir en við fyrirtöku aðfararmálsins, hinn 9. mars 2021, en hann beri með sér að hafa verið gefinn út í nóvember 2020, eftir að aðfararmálið fór af stað. Hafi því ekki verið mótmælt af stefnda í málinu að reikningurinn hafi ekki verið kynntur stefnanda fyrir en 9. mars 2021, enda telur stefnandi að reikningurinn hafi ekki verið útbúinn í nóvember 2020, heldur í mars 2021. Í úrskurðinum komi fram að ekkert liggi fyrir um að stefndi hafi nokkurn tímann krafist stefnanda þessa máls eða leigjanda að fasteigninni, Sjávarheimi ehf., um greiðslu fyrir viðgerð á lyftaranum fyrir en málið hófst fyrir dómi.

Stefnandi byggir á því að reikningur fyrir viðgerð á lyftaranum og meintur haldsréttur hafi verið fyrirsláttur og til málamynda. Engar trúverðugar skýringar hafi fengist á þeirri háttsemi stefnda að taka lyftarann í sína vörslu og halda honum þar í tæplega tvö ár með ólögumætum hætti. Stefnda hafi mátt vera ljóst þegar hann tók lyftarann að tækið var eign stefnanda, enda var ekki um það deilt í málinu. Þá hafi stefnda mátt vera ljóst þegar frá upphafi að réttur hans til að halda lyftaranum hjá sér væri enginn, enda féllst dómurinn ekki á að sýnt hafi verið fram á að stofnast hafi til haldsréttar í tækinu með nokkrum hætti. Þá skal þess getið að stefndi hafi ekki reynt að innheimta nokkurn viðgerðarkostnað vegna lyftarans á hendur stefnanda, hvorki fyrir aðfararmálið né eftir að því lauk.

Stefnandi telur samkvæmt framansögðu ljóst að háttsemi stefnda hafi verið saknæm, að um ásetning eða í það minnsta gáleysi hafi verið að ræða um að valda

stefnanda tjóni. Stefnanda mátti vera ljóst að háttsemi hans myndi valda stefnanda tjóni eða væri í það minnsta til þess fallin. Það kom m.a. fram í bréfi sem lögmaður stefnanda sendi stefnda 14. nóvember 2019. Í því kom fram að enginn lagalegur grundvöllur væri fyrir því að halda lyftaranum og var þess krafist að hann yrði afhentur svo að ekki þyrfti að koma til þess að gerð yrði krafa um skaðabætur vegna afnotamissis. Þessu erindi hafi stefndi engu svarað, ekki frekar en nokkrum öðrum erindum. Stefnandi telji því ljóst að háttsemi stefnanda hafi verið saknæm.

Stefnandi byggir á því að jafnvel þótt saknæm háttsemi teljist ekki sönnuð í málinu, sem þó sé hafið yfir allan vafa, beri kröfuhafa, sem uppvís verður að því að beita haldsrétti sem ekki sé talinn réttmætur, að greiða bætur á hlutlægum grunni, þ.e.a.s. án sakar. Í því felist að kröfuhafi greiði eiganda munar, sem kröfuhafi hefur lagt hald á, bætur vegna haldsréttar sem ekki telst réttmætur, án tillits til þess hvort ásetningur hans eða gáleysi til að valda tjóni telst sannað. Stefnandi byggir á því að verði af einhverjum ástæðum litið svo á að saknæm háttsemi stefnanda teljist ekki sönnuð, beri allt að einu að fallast á kröfu um skaðabætur þar sem fyrir liggur að beiting haldsréttar hafi verið ólöglegt af hans hálfu.

Að áliti stefnanda svarar tjónið til 250.000 króna á mánuði vegna afnotamissis og tapaðra leigutekna, án virðisaukaskatts, og sé það áætlað leiguverð sambærilegs lyftara.

Eins og áður sé rakið leigði stefnandi fasteign sína að Eyrartröð 12 til fyrirtækisins Sjávarheims ehf., ásamt vélum og tækum. Þar á meðal hafi verið umræddur lyftari, JL-8421. Umsamið leiguverð fyrir leigu á öllum tækjum hafi verið 410.000 krónur, sem sé síðasti reikningur sem gefinn hafi verið út fyrir tækjaleigu áður en stefndi fjarlægði lyftarann. Ekki sé tilgreint tiltekið leiguverð fyrir hvert tæki, heldur var um heildarfjárhæð að ræða fyrir öll tækin, þar á meðal lyftarann, en leiga fyrir hann var stærstur hluti fjárhæðarinnar. Nákvæmt endurgjald sem leigjandi stefnanda átti að greiða fyrir afnot af lyftaranum liggi því ekki nákvæmlega fyrir. Hins vegar sé ljóst að eftir að stefndi fjarlægði lyftarann þyrfti leigjandinn að útvega sér annan lyftara og gerði það en greiddi stefnanda enga leigu fyrir lyftarann frá 1. september 2019. Af þessu hlaut fjárhagslegt tjón fyrir stefnanda.

Eftir að leigusamningurinn rann sitt skeið á enda hafi stefnandi sjálfur hafið rekstur í húsinu að nýju, þ.e. hinn 1. apríl 2021. Þá hafi aðfararmálið enn verið í gangi og lyftarinn hafði ekki verið afhentur. Tekur tjón stefnanda því einnig til þess tíma. Sem fyrr segi hafi lyftarinn ekki verið afhentur fyrr en í byrjun september 2021. Því sé gerð

krafa fyrir tímabilið 1. nóvember 2019 til 1. september 2021, en fyrir liggi að lyftarinn var fjarlægður í september 2019 og afhentur í byrjun september 2021. Til einföldunar og til hagsbóta fyrir stefnda sé miðað við framangreindar dagsetningar. Samtals nemi krafa stefnanda því eftirfarandi: Afnotamissir og tjón vegna tapaðra leigutekna: 250.000 krónur x 22 mánuðir = 5.500.000 krónur.

Stefnandi byggir á því að tjón hans sé hið sama hvort sem miðað er við tapaðar leigutekjur eða afnotamissi. Sé því miðað við sömu fjárhæðina hvort sem miðað er við afnotamissi stefnanda eða tapaðar leigutekjur þar sem hann hafi ekki fengið greidda leigu fyrir tækið frá Sjávarheimi ehf.

Varakrafa stefnanda sé að tjón stefnanda verði metið að álitum. Ljóst sé að sé aðili sviptur umráðum eignar sinnar, ekki síst atvinnutækis, verði hann fyrir tjóni. Bæta beri slíkt tjón. Hvort sem fjárhæð tjónsins teljist sönnuð eða ekki séu skilyrði til þess að meta tjón stefnanda að álitum.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda dráttarvexti á kröfuna samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Krafist er dráttarvaxta frá 21. ágúst 2021, en þá var liðinn mánuður frá því að sannanlega var krafist greiðslu skaðabóta, sbr. heimild í 3. mgr. 5. gr. laganna.

Til stuðnings kröfu sinni vísar stefnandi til almennra reglna eignaréttar, kröfuréttar og samningaréttar sem og reglna skaðabótaréttarins, sem og til sakarreglunnar.

Um vaxtakröfu vísar stefnandi til 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 og III. kafla laganna almennt. Um varnarþing er vísað til 1. mgr. 33. gr. laga nr. 91/1991. Um málskostnað er vísað til 129., sbr. 130. gr., laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir á því að snemma vetrar 2019 hafi Sjávarheimur ehf. leitað til stefnda með ósk um að stefndi tæki til viðgerðar lyftara með skráningarnúmerið JL-8421. Af starfsmönnum Sjávarheims ehf. mátti ráða að lyftarinn þyrfti talsverðrar viðgerðar og endurnýjunar við og reyndist það vera raunin. Stefnda var á þeim tíma ekki kunnugt um ætlað samningssamband Sjávarheims ehf. og stefnanda og af hvaða ástæðum lyftarinn var í vörslum Sjávarheims ehf. Að beiðni starfsmanna Sjávarheims ehf. var lyftarinn fluttur á verkstæði stefnda og þar til viðgerðar. Það sé beinlínis rangt er fram komi í stefnu að lyftarinn hafi verið tekinn úr vörslu Sjávarheims ehf. þar sem stefndi hafi litið

svo á að lyftarinn væri eign stefnda. Svo var alls ekki enda lyftarinn sannarlega í eigu stefnanda frá árinu 2014. Lyftarinn var fluttur á verkstæði stefnda til viðgerðar og að beiðni umráðaaðila lyftarans, Sjávarheims ehf. Um þá staðreynd að Sjávarheimur ehf. hafi óskað eftir viðgerð á lyftaranum vísast m.a. til tölvuskeytis Jóns Steins Elíssonar, starfsmanns Sjávarheims ehf.

Stefndi mótmælir málsástæðum stefnanda og kveður hið rétta vera að lyftarinn hafi ekki verið afhentur þar sem stefnandi og Sjávarheimur ehf. hafi neitað að greiða kostnað við viðgerð á lyftaranum, sem stefnda var falið að vinna. Sú afstaða stefnda var þegar tilkynnt lögmanni stefnanda og var stefnanda strax ljóst snemma vetrar 2019 að lyftarinn yrði ekki afhentur nema gegn greiðslu kostnaðar við umbeðna viðgerð á lyftaranum. Þá er rangt að framkvæmdastjóri stefnda hafi lofað að útvega Sjávarheimi ehf. annan lyftara eins og fullyrt sé í tölvuskeyti á dóm skjali nr. 10. Í lok nóvember 2019 hafi umfangsmikil og kostnaðarsöm viðgerð á lyftaranum farið fram og var stefnandi þá þegar upplýstur um þá fjárhæð sem greiða þyrfti svo að lyftarinn yrði afhentur.

Stefndi hafi krafist Sjávarheim ehf. um greiðslu viðgerðarkostnaðarins þegar eftir að viðgerð var lokið í október 2019. Sjávarheimur ehf. hafi hafnað því að greiða fyrir umbeðna viðgerð og færði ekki fram rök fyrir þeirri afstöðu sinni. Af þeim sökum hafnaði stefndi ósk Sjávarheims ehf. um að fá lyftarann afhentan og hafi stefnandi þegar verið upplýstur um þá afstöðu stefnda. Sú afstaða stefnda að hafna því að afhenda lyftarann hafi jafnframt verið kynnt stefnanda er stefnandi hafði uppi kröfu um að fá lyftarann afhentan.

Stefnanda og Sjávarheimi ehf. var þegar í október kynnt yfirlit yfir viðgerð á lyftaranum og sé það yfirlit að finna á dóm skjali nr. 29. Þá hafi stefnanda og Sjávarheimi ehf. um leið verið gerð grein fyrir viðgerðarkostnaði að fjárhæð 1.875.012 krónur. Reikningurinn hafi verið gefinn út í nóvember 2020 en stefndi áréttar að hann hafi strax í október 2019 upplýst stefnanda og Sjávarheim ehf. um þann viðgerðarkostnað. Reikningur hafi ekki verið gefinn út strax þar sem fyrir lá höfnun á greiðslu kröfunnar og var útgáfu reikningsins frestað af þeim sökum og m.a. svo að ekki þyrfti þegar að koma til greiðslu virðisaukaskatts af reikningi, sem fyrir lá að ekki yrði a.m.k. að svo stöddu greiddur. Stefndi bendir á að Sjávarheimur ehf. viðurkenni að hafa mótttekið reikninginn strax eftir útgáfu hans, sbr. dóm skjali nr. 11. Í reikningi á dóm skjali nr. 28 sé að finna ítarlega lýsingu á umfangsmikilli viðgerð á lyftaranum og varahlutum er þurfti til verksins. Stefndi vísar til þeirrar lýsingar og áskilur sér rétt til að gera nánar grein fyrir

þeirri viðgerð ef málatilbúnaður stefnanda gefur tilefni til. Megi segja að lyftarinn, sem hafi verið kominn til ára sinna, illa farinn og mikið notaður, hafi verið tekinn í gegn og endurnýjaður og það gerði stefndi að beiðni Sjávarheims ehf. og í þágu þess aðila og í þágu eiganda lyftarans, stefnanda máls þessa. Stefndi hefði að sjálfsögðu aldrei að eigin frumkvæði lagt í umfangsmikla og kostnaðarsama viðgerð og endurnýjun á lyftara í eigu stefnanda og í þágu þess aðila nema þess hefði verið óskað og að greitt yrði fyrir þá miklu endurnýjun og viðgerð. Megi fullyrða að lyftarinn sé nú sem nýr í fórum stefnanda og felur málatilbúnaður stefnanda í sér að hann hyggist auðgast á kostnað stefnda í málinu.

Það er rangt sem fram komi í stefnu að héraðsdómur hafi í úrskurði sínum í aðfararmáli aðila komist að þeirri niðurstöðu að röksemdir stefnda í því máli hafi verið fyrirsláttur og til málamynda. Fallist var á kröfu stefnanda um afhendingu lyftarans þar sem stefndi var ekki talinn hafa sýnt fram á að hafa krafið stefnanda formlega um greiðslu viðgerðarkostnaðarins fyrr en með framlagningu reiknings vegnar viðgerðarinnar í héraðsdómi við rekstur aðfararmálsins. Megi, af forsendum úrskurðar héraðsdóms, ráða að kröfu stefnanda um afhendingu lyftarans hefði verið hafnað ef fyrir hefði legið sönnun um að krafa hafi formlega og fyrr verið send stefnanda um greiðslu viðgerðarkostnaðarins.

Stefndi hafi tekið ákvörðun um að kæra ekki úrskurð í aðfararmáli til Landsréttar. Sú ákvörðun hafi verið tekin þar sem héraðsdómur hafnaði kröfu stefnda í málinu um að málskot frestaði framkvæmd aðfarar samkvæmt úrskurði héraðsdóms. Stefndi hafi ekki haft lögvarða hagsmuni af því að kæra úrskurðinn þar sem ljóst var að aðför færi fram þrátt fyrir að kærumál væri ekki til lykta leitt í Landsrétti. Þegar eftir uppkvaðningu úrskurðar héraðsdóms í aðfararmálinu átti stefnandi þess kost að sækja lyftarann á verkstæði stefnda. Það sé rangt að stefndi hafi þrátt fyrir úrskurð héraðsdóms hafnað því að afhenda lyftarann. Stefndi ákvað að una úrskurði héraðsdóms og var lyftarinn því stefnanda til reiðu á starfstöð stefnda í Kópavogi þegar eftir uppkvaðningu úrskurðar. Ekki þurfti að koma til formlegrar afhendingar af hálfu stefnda en stefnandi átti einfaldlega að rúlla í Kópavog og sækja lyftarann. Það stóð stefnanda til boða þegar þann 1. júní 2021 að sækja lyftarann til stefnda. Stefndi ber á því ábyrgð en ekki stefndi að hafa ekki sótt lyftarann að gengnum úrskurði Héraðsdóms Reykjaness.

Stefndi mótmælir kröfu stefnanda og telur ekki vera skilyrði að lögum fyrir kröfu stefnanda. Stefndi mótmælir því að hann hafi sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi sem varði hann bótaskyldu að lögum. Þá sé því mótmælt sem röngu og órökstuddu að

stefndi beri hlutlæga bótaábyrgð gagnvart stefnanda. Þá mótmælir stefndi, hvað sem öðru líður, fjárhæð kröfu stefnanda sem órökstuddri og því vanreifaðri. Tjón stefnanda sé með öllu ósannað. Þá sé kröfu stefnanda jafnframt mótmælt sem of hárrí. Krafa stefnanda byggist á órökstuddri ágiskun stefnanda á áætluðu tjóni hans sem ekki fær stoð í neinum gögnum. Krafa og málatilbúnaður stefnanda uppfylli ekki lágmarkskröfur sem gerðar séu til sönnunar fjártjóns og beri því m.a. af þeim sökum að sýkna stefnda af kröfu stefnanda.

Stefndi mótmæli því að hann hafi brotið gegn lögvörðum eignarrétti stefnanda með því að halda lyftaranum til tryggingar greiðslu sannarlegs viðgerðarkostnaðar. Enda þótt héraðsdómur hafi hafnað kröfu stefnda í aðfararmálinu felist ekki í þeirri niðurstöðu að stefndi hafi sýnt af sér saknæma og ólögmeða háttsemi enda byggist niðurstaða héraðsdóms á því að stefndi hafi ekki sýnt fram á með sannanlegum hætti að hafa krafði stefnanda um greiðslu viðgerðarkostnaðarins fyrr en með framlagningu reiknings í því aðfararmáli. Héraðsdómur telji stefnda hafa sýnt af sér tómlæti og af þeim sökum hafi haldsréttur hans ekki verið viðurkenndur. Af úrskurðinum megi ráða að stefndi hefði haft haldsrétt að lögum ef hann hefði sýnt fram á að hafa krafði stefnanda um greiðslu kostnaðarins þegar í upphafi gegn afhendingu lyftarans. Stefndi krafði stefnanda strax um greiðslu þess kostnaðar en það hafi verið gert munnlega og talið ósannað af héraðsdómi í aðfararmálinu. Sönnunarfærsla í aðfararmálum sem þessum er takmörkuð eins og kunnugt er. Forsvarsmenn stefnda eru ólöglærðir og kom ekki löglærður maður að málinu fyrir hönd stefnda fyrr en með framlagningu greinargerðar í aðfararmáli þann 9. mars 2020. Forsvarsmenn stefnda voru í þeirri góðu trú að þeir mættu halda lyftaranum þar til reikningur vegna viðgerðar yrði greiddur og sýndu því ekki saknæma háttsemi gagnvart stefnanda og alls ekki ólögmeða. Stefndi leggur áherslu á að það sé rangt og a.m.k. ósannað að stefndi hafi fjarlægð lyftarann þar sem stefndi hafi talið sig vera löglegan eiganda lyftarans. Sá málatilbúnaður stefnanda haldi engu vatni og er rangur. Stefnda hafi verið falin umfangsmikil viðgerð á lyftaranum að beiðni umráðaaðila lyftarans, Sjávarheims ehf. Stefndi bar þegar við haldsrétti eftir viðgerð lyftarans á haustmánuðum 2019 og bar því aldrei við að lyftaranum væri haldið frá stefnanda vegna eldri og óskyldra reikninga.

Það sé rangt sem fram komi í stefnu að útgáfa reiknings vegna viðgerða hafi verið fyrirsláttur og til málamynda af hálfu stefnda. Staðreynd sé sú að Sjávarheimur ehf. hafi falið stefnda að framkvæma umfangsmikla viðgerð á lyftaranum, sem var kominn til ára sinna og í slæmu ástandi vegna notkunar af hálfu stefnanda og Sjávarheims ehf. Það sé

rétt að stefndi hafi kosið að hefja ekki aðgerðir til að innheimta kröfu samkvæmt viðgerðarreikningi á meðan á rekstri aðfararmáls stóð en það hafi hann ekki gert sökum þess að sá reikningur var til umfjöllunar í því máli.

Krafa stefnanda á hendur stefnda um greiðslu bóta er byggist á hlutlægum bótagrunni sé vanreifuð með öllu. Lög styðji ekki á nokkurn hátt þá kröfu stefnanda, enda verði ekki mælt fyrir um hlutlæga bótaskyldu nema lög kveði skýrt á um þann bótagrundvöll.

Fjárhæð kröfu stefnanda sé mótmælt sem vanreifaðri með öllu og sem of hárrí. Af þeim sökum beri m.a. að sýkna stefnda af kröfunni. Stefnandi krefjist greiðslu skaðabóta að fjárhæð 250.000 krónur á mánuði og það enda þótt hann viðurkenni sjálfur í stefnu að ekki liggi fyrir hvert var ætlað leigugjald sem Sjávarheimi ehf. bar að greiða stefnanda fyrir lyftarann. Stefnandi leggi ekki fram ætlaðan leigusamning við Sjávarheim ehf. og byggir kröfu sína á reikningi dags. 6. ágúst 2020 á hendur Sjávarheimi ehf. þar sem fram komi að tækjaleiga fyrir ágúst hafi verið 410.000 krónur. Ekki sé upplýst um hvaða tæki þar var að ræða og sé krafan því órökstudd með öllu og því vanreifuð.

Þá mótmælir stefndi, hvað sem öðru líði, kröfu stefnanda um greiðslu bóta fyrir tímabilið 1. nóvember 2019 til 1. september 2021. Stefnandi krafðist fyrst afhendingar lyftarans með tölvuskeyti þann 14. nóvember 2019. Þá hafi stefnandi verið upplýstur um fjárhæð viðgerðarkostnaðar og hann upplýstur að hann yrði að greiða svo að lyftarinn yrði afhentur. Ekkert hafi heyrst frá stefnanda eftir það tölvuskeyti fyrr en tölvuskeyti var sent stefnda þann 21. janúar 2020. Um sé að ræða þriggja lína tölvuskeyti þar sem almennt sé boðað að gripið verði til aðgerða fyrir dómstólum. Stefnandi hafi hins vegar ekki lagt inn aðfararbeiðni til héraðsdóms fyrr en þann 16. desember 2020 og krafðist þess þá að fá lyftarann afhentan með úrskurði héraðsdóms. Stefnandi hafi því dregið í rúmt ár frá því að tölvuskeyti á dóm skjali nr. 9 var sent að krefjast innsetningar í lyftarann. Stefnandi sýndi því tómlæti í verki í um 13 mánuði og á því tómlæti ber stefnandi einn ábyrgð en ekki stefndi. Stefndi verður því m.a. af þeim sökum ekki krafinn um greiðslu skaðabóta vegna ætlaðs afnotamissis stefnanda á lyftaranum 14. nóvember 2019 til 16. desember 2020, en stefnandi gerði ekkert á því tímabili til að fá kröfu sinni framgengt. Stefnanda bar að draga úr ætluðu tjóni sínu og krefjast þess þegar fyrir héraðsdómi að fá lyftarann afhentan. Ef stefnandi hefði sinnt þeirri skyldu sinni má fullyrða að úrskurður héraðsdóms um afhendingu lyftarans hefði legið fyrir 1. maí 2020

og hefði stefnandi þá fengið lyftarann afhentan. Hvað sem öðru líður ber því a.m.k. að lækka kröfu stefnanda sem nemur ætluðum afnotamissi í 13 mánuði, eins og fyrr greinir.

Þá byggir stefndi kröfu um sýknu af kröfum stefnanda einnig á þeirri staðreynd að hann á fjárkröfu á hendur stefnanda sem nemi hærri kröfu en kröfu stefnanda á hendur honum. Stefndi leggur fram í málinu viðskiptayfirlit yfir stöðu skuldar stefnanda við stefnda vegna viðgerðarþjónustu stefnda og sölu varahluta til stefnanda. Höfuðstóll þeirrar fjárkröfu stefnda nemur 4.302.806 krónum. Stefndi leggur fram eftirtalda reikninga á hendur stefnanda:

Reikning nr. 70057 dags. 19. febrúar 2016	kr. 617.657.-
Reikning nr. 70614 dags. 11. mars 2016	kr. 709.419.-
Reikning nr. 70208 dags. 24. febrúar 2016	kr. 99.976.-
Reikning nr. 79178 dags. 24. janúar 2017	kr. 158.593.-
Reikning nr. 79181 dags. 24. janúar 2017	kr. 102.066.-
Reikning nr. 79177 dags. 24. janúar 2017	kr. 551.966.-
Reikning nr. 79179 dags. 24. janúar 2017	kr. 33.347.-
Reikning nr. 79180 dags. 24. janúar 2017	kr. 114.944.-

Framangreindir reikningar séu að höfuðstól 2.387.968 krónur og sé þess krafist að þeirri fjárhæð með dráttarvöxtum frá dagsetningu þeirra reikninga verði skuldajafnað við ætlaða kröfu stefnanda og stefndi því sýknaður af kröfu stefnanda eða krafa stefnanda lækkuð sem því nemi. Um tilurð og efni þeirra reikninga stefnda vísast til reikninganna þar sem fram kemur hver sú vinna var sem unnin var að beiðni stefnanda við viðgerð á JL-7495. Áskilinn sé réttur til að leggja fram frekari gögn til grundvallar þeim reikningum, s.s. vinnuskýrslur, ef málatilbúnaður stefnanda gefur tilefni til. Stefndi leggur áherslu á að stefnandi hafi ekki andmælt fyrrgreindum reikningum og teljast þeir því viðurkenndir af hálfu stefnanda samkvæmt reglum kröfuréttar. Þá sé þess jafnframt krafist að eftirstöðum skuldar stefnanda að höfuðstól 1.914.838 krónur verði skuldajafnað við ætlaða kröfu stefnanda og stefndi því sýknaður af kröfu stefnanda eða kröfur stefnanda lækkaðar verulega.

Þá sé fjárhæð kröfu stefnanda mótmælt sem allt of hárrí. Krafan sé úr hófi og m.a. að teknu tilliti til þeirrar staðreyndar að stefnandi festi kaup á lyftaranum á árinu 2014 fyrir 3.200.000 krónur. Stefnandi krefst þess í málinu að stefndi greiði í bætur fyrir

afnotamissi lyftarans í 22 mánuði 5.000.000 króna eða 1.800.000 krónum hærri fjárhæð en sem nam kaupverði lyftarans. Sú krafa sé fráleit og augljóslega allt of há og vanreifud með öllu.

Þá byggir stefndi á því að hann eigi fjárkröfu á hendur stefnanda sem nemi verðmætisaukningu lyftarans vegna vinnu stefnda við viðgerð og endurbætur á lyftaranum (viðgerðarkostnaður og varahlutir). Vinna stefnda og varahlutir við lyftara stefnanda hafi numið 1.875.012 krónum og hafi verðmæti lyftara stefnanda aukist sem nemi þeirri fjárhæð og reyndar hærri fjárhæð að mati stefnda. Með þeirri verðmætaaukningu hafi stefnandi auðgast á kostnað stefnda, en stefnandi hafi nú í sínum fótum endurgerðan lyftara sem sé miklum mun verðmætari en sá lyftari sem stefndi hafi fengið til viðgerðar. Stefnanda beri að greiða fyrir þá verðmætaaukningu sem varð á eign hans, hvað sem líði niðurstöðu aðfararmálsins, og beri því m.a. að sýkna stefnda af kröfu stefnanda eða lækka kröfu hans á grundvelli sjónarmiða um óréttmæta auðgun, reglna kröfuréttar um viðskeytingu og smíði og meginreglna eignarréttar.

Stefndi eigi gagnkröfu á hendur stefnanda sem nemi auðgun stefnanda af ofangreindum sökum og sé þeirri kröfu skuldajafnað við kröfu stefnanda og því krafist sýknu af kröfu stefnanda eða lækunar á kröfu hans. Stefnandi vísar til auðgunarreglu íslensks réttar sem m.a. er staðfest í Hrd. nr. 39/2003. Stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna viðgerðarkostnaðarins og stefnandi hagnast að sama skapi. Stefnandi leggur áherslu á að stefnandi rifti samningi við Sjávarheim ehf. og tók endurbættan lyftarann úr vörslum stefnda. Ótækt væri að stefnandi hagnaðist vegna viðgerðar stefnda og á kostnað stefnda.

Þá áréttar stefndi að með öllu er ósannað að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni og blasir þvert á móti við að stefnandi hefur fengið í hendur nýjan lyftara í stað gamals og illa farins lyftara. Stefnandi mótmælir kröfu stefnanda um upphafstíma dráttarvaxta og krefst þess, ef fallist verður á kröfu stefnanda að einhverju leyti eða öllu, að dráttarvextir verði dæmdir frá uppsögu dómsins.

Stefndi vísar m.a. til reglna skaðabótaréttar og meginreglna kröfuréttar. Þá vísar stefndi til reglna eignarréttar, laga nr. 90/1989 og ákvæða stjórnarskrár nr. 33/1944. Um heimild til að hafa uppi gagnkröfu til skuldajöfnunar vísast til 28. gr. laga nr. 91/1991. Um dráttarvexti vísar stefndi til laga nr. 38/2001. Krafa um málskostnað styðst við ákvæði XXI. kafla laga nr. 91/1991.

Skýrslur fyrir dómi.

Fyrir dómi gáfu skýrslu fyrirsvarmenn stefnda og stefnanda. Þá gáfu skýrslu sem vitni Auðunn Svafar Guðmundsson og Garðar A. Garðarsson matsmenn og Jón Páll Baldursson. Þá gaf símaskýrslu vitnið Jón Steinn Elíasson. Verður vitnað til framburðar þeirra við úrslausn málsins eftir því sem þurfa þykir.

Forsendur og niðurstaða.

Ekki er ágreiningur í máli þessu um að stefnandi hafi verið eigandi lyftarans LJ-8421 þegar stefndi tók hann til viðgerðar í nóvember 2019 að beiðni Sjávarheims ehf. Fyrir liggur í tölvupósti frá Sjávarheimi ehf. frá 20. apríl 2021 til Íslyft ehf. að Sjávarheimur ehf. hafi óskað eftir skoðun og viðgerð á lyftaranum þar sem hann hafi verið bilaður og ekki nothæfur. Ekki er að sjá að sá tölvupóstur hafi verið sendur stefnanda. Yfirlýsing liggur fyrir í málinu frá Sjávarheimi ehf., dagsett 9. mars 2021, þar sem tekið er fram að fyrirtækið hafi aldrei óskað eftir viðgerð á umþrættum lyftara og ekki komið honum til viðgerðar heldur hafi verið óskað eftir því að lyftarinn yrði yfirfarinn á staðnum af Íslyft ehf. eða stefnda. Lyftarinn hafi verið fjarlægður einhliða og ekki verið skilað aftur. Þá kannist Sjávarheimur ehf. ekki við að hafa verið krafinn um greiðslu fyrir viðgerð á lyftaranum fyrr en með útgefnum reikningi í nóvember 2020.

Í símaskýrslu fyrir dóminum kvaðst vitnið Jón Steinn Elíasson hafa starfað hjá Sjávarheimi ehf. sem ráðgjafi við að setja upp vinnslu og stýra henni. Vitnið staðfesti að það hafi óskað eftir viðgerð á lyftaranum hjá stefnda en viðmælandi hans hafi sagt við sig að hann hafi átt lyftarann JL-8421. Aðspurt kvaðst vitnið hafa verið með lyftarann í notkun í nokkra mánuði áður en beðið var um viðgerð á honum. Þá kvað vitnið Sjávarheim ehf. hafa verið með tvo lyftara ásamt fleiri tækjum í leigu frá stefnanda. Aðspurt kvaðst vitnið telja að Sjávarheimur ehf. þyrfti að greiða fyrir viðgerðir á lyfturunum sem þeir voru með í leigu. Vitnið kannaðist ekki við að hafa fengið kostnaðaráætlun á viðgerðinni en dró í land með að hafa beðið um viðgerð á lyftaranum. Það hafi verið þegar Sjávarheimur ehf. taldi stefnda vera eiganda lyftarans. Þá kvaðst vitnið ekki muna til að hafa undirritað sérstaka yfirlýsingu varðandi beiðni um viðgerð á lyftaranum. Spurt aftur kvað vitnið það hafa verið ætlun þeirra í upphafi að fá þennan lyftara í lag.

Undir rekstri málsins kom fram að það hafi aldrei verið vafi um eignarhald á umþrættum lyftara. Þá er óumdeilt að stefnandi leigði Sjávarheimi ehf. fiskverkunarhús

ásamt tækjum til fiskvinnslu ásamt tveimur lyfturum, þar með JL-8421. Þá verður ekki annað ráðið af vitnisburði vitnisins Jóns Steins en að það hafi óskað eftir viðgerð á JL-8421 hjá stefnda. Breytir engu við úrlausn málsins hvort Sjávarheimur ehf. hafi síðar talið að stefndi væri eigandi lyftarans. Þá liggja engin gögn frammi um það að Sjávarheimur ehf. hafi beint slíkum upplýsingum eða erindi til stefnanda né að stefndi hafi gert það fyrir en undir rekstri innsetningarmálsins sem rekið var fyrir Héraðsdómi Reykjaness í mas 2021.

Stefnandi byggir kröfu sína um tapaðar leigutekjur á því að Sjávarheimur ehf. hafi hætt að greiða stefnanda hluta af leigugjaldi þar sem lyftarinn hafi verið hluti af leigumunum frá 1. nóvember 2019 en þá hafi Sjávarheimur ehf. ekki lengur haft afnot af lyftaranum. Lyftarinn hafi síðan ekki verið afhentur fyrir en með kröfu um fullnustu á úrskurði um afhendingu lyftarans í lok ágúst 2021.

Í stefnu gerir stefnandi kröfu um mánaðarlegt leigugjald að upphæð 250.000 krónur og byggir það á mati sínu í ljósi þess að heildarleigugreiðslur Sjávarheima ehf. hafi verið 417.005 krónur fyrir ágúst 2020. Engin gögn né sundurliðun á reikningi stefnanda til Sjávarheima ehf. gefa vísbendingu um hvert leigugjaldið hafi verið fyrir lyftarann JL-8421. Stefnandi óskaði sjálfur eftir því að dómkvaddur yrði óvillhallur matsmaður til að meta leigugjald fyrir lyftarann og liggur fyrir matsgerð þar sem leigugjaldið er talið vera 116.000 krónur auk virðisaukaskatts á mánuði.

Þá telur dómurinn sannað með gögnum málsins að stefndi hafi ekki afhent lyftarann fyrir en að gengnum úrskurði Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. A-3357/2020 í ágúst/september 2021.

Stefndi ber fyrir sig að hann hafi haft réttmæta ástæðu til að halda lyftaranum og haft í honum haldsrétt þar sem reikningurinn fyrir viðgerð á lyftaranum væri ógreiddur. Þá krefst stefndi skuldajöfnunar á kröfu stefnanda þar sem stefnandi hafi verið í langvarandi skuld við stefnda, allt frá árinu 2016. Lagði stefndi fram reikninga sem hann byggir skuldajöfnun sína á.

Rakin er að framan sundurliðun á þeim reikningum og tilurð þeirra. Eru reikningarnir frá árinu 2016 til og með 24. janúar 2017. Eru þeir ýmist sagðir vera vegna viðgerða á JL-8421 eða JL-7495.

Stefndi bar fyrst fyrir sig haldsrétt í greinargerð til héraðsdóms í ofangreindu aðfararmáli eða 9. mars 2020 vegna ógreidds reiknings Sjávarheims ehf. að fjárhæð

1.875.012 krónur. Kvað stefndi það rangt í greinargerðinni að haldsrétturinn byggðist á ógreiddum reikningum stefnanda við stefnda.

Þá liggur fyrir í gögnum málsins og staðfest var fyrir dóminum að stefndi hafi ekki byggt á því að hann væri eigandi lyftarans heldur hafi eigandinn verið stefnandi.

Þá er fyrst að leysa úr því hvort stefndi hafi getað beitt fyrir sig því úrræði að halda lyftaranum í sínum vörslum þar til reikningur Sjávarheims ehf. væri greiddur. Ekkert í málinu bendir til að stefndi hafi talið Sjávarheim ehf. vera eiganda lyftarans. Stefndi gerði hins vegar Sjávarheimi ehf. reikning fyrir viðgerðinni. Telur dómurinn sannað, þrátt fyrir fullyrðingu stefnda, að reikningnum hafi ekki verið framvísað fyrr en 9. mars 2021 við rekstur aðfararmálsins í héraðsdómi þrátt fyrir að hann sé gefinn út í nóvember 2020. Þá hefur stefndi ekki sýnt fram á að hann hafi reynt að fá reikninginn greiddan frá stefnanda eftir að viðgerð lauk á lyftaranum í nóvember 2019.

Ágreiningslaust er að stefndi sótti umræddan lyftara á verkstað Sjávarheims ehf. í september 2019 í þeim tilgangi að yfirfara- og gera við hann samkvæmt beiðni starfsmanns Sjávarheims ehf. Samkvæmt yfirlýsingu starfsmanns Sjávarheims ehf. var Sjávarheimur ehf. með bæði aðstöðu og tæki, þar með talið lyftarann, á leigu hjá stefnanda til 1. september 2020. Engin gögn eru í málinu um að stefndi hafi á þeim tíma beint kröfu sinni vegna viðgerðarinnar til stefnanda.

Í íslenskum rétti er haldsréttur viðurkenndur sem eins konar tryggingarréttindi. Haldsréttarhafanum er óskilytt að afhenda hlutinn nema að fá þann kostnað greiddan sem hafi orðið til vegna hlutarins, í þessu tilviki lyftarinn JL-8421. Haldsréttur getur fyrst og fremst stofnast við löggerning, það er að segja við samning aðila, haldsréttarhafa og eiganda. Í kröfurétti er viðurkennt að sá sem tekur að sér hlut til viðgerðar njóti haldsréttar í honum þar til greiðsla sem krafist er er innt af hendi. Þá er skilyrði haldsréttar að um gagnkvæmt viðskiptasamband sé að ræða, það er að sá er nýtur haldsréttar hafi fengið hlutinn í sínar vörslur að beiðni umráðamanns eða eiganda hlutarins. Óumdeilt er í þessu máli að Sjávarheimur ehf. óskaði eftir því við stefnda að yfirfara og gera við lyftarann. Því er ekki mótmælt af hálfu stefnda. Þá er óumdeilt að stefndi hefur litið á stefnanda sem eiganda lyftarans. Af þessu liggur fyrir að stefndi hefur ekki getað beitt haldsrétti gagnvart stefnanda þrátt fyrir að stefnandi sé eigandi lyftarans heldur eingöngu gagnvart viðsemjanda sínum, umráðamanni lyftarans, Sjávarheimi ehf. Stefndi hafði því ekki heimild til að beita haldsrétti þegar stefnandi krafði hann um afhendingu lyftarans JL-8421.

Af þessu leiðir að stefndi hefur með ólögætum og saknæmum hætti valdið stefnanda fjártjóni vegna afnotamissis lyftarans en Sjávarheimur ehf. hætti að greiða stefnanda hluta af leigunni vegna þess að lyftarinn fékkst ekki afhentur að viðgerð lokinni. Sannað er að stefndi gaf ekki út reikning vegna þeirrar vinnu fyrir en 1. nóvember 2020 en ósannað er að honum hafi verið framvísað og kynntur stefnanda fyrir en í mars 2021, undir rekstri aðfaramálsins A-3357/2020 við Héraðsdóm Reykjaness.

Sjávarheimur ehf. greiddi stefnanda leigu vegna lyftarans en ósannað er af hálfu stefnanda að það hafi verið 250.000 krónur á mánuði. Af öllu framansögðu virtu og með vísan til matsgerðar dómkvaddis matsmanns, sem ekki hefur verið hnekkt, er krafa stefnanda um missi leigutekna frá 1. nóvember 2019 til 1. september 2021 að fjárhæð 2.552.000 krónur tekin til greina.

Stefndi krefst sýknu á grundvelli þess að hann eigi hærrí fjárkröfur á hendur stefnanda en dómkrafa stefnanda sé og að þá kröfu megi nota til skuldajöfnunar á móti kröfum stefnanda. Fjárfrafa stefnda sé byggð á reikningum frá 19. febrúar 2016 til 24. janúar 2017, samtals 2.387.968 krónur.

Þessu mótmæli stefnandi og kveður umrædda reikninga fyrnda auk þess sem þeir uppfylli ekki skilyrði skuldajöfnunar þar sem sumir þeirra varði allt aðra lyftara en um sé deilt í máli þessu.

Stefndi kvað mótmæli stefnanda of seint fram komin en honum hafi borið að koma mótmælum sínum á framfæri eins fljótt og kostur var, sbr. 5. mgr. 101. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Það hafi hann ekki gert.

Nefnt ákvæðið verður ekki túlkað á þann hátt að bóka skuli mótmæli vegna málsástæðna stefnda sem koma fram í greinargerð við fyrirtökur sérstaklega. 5. mgr. 101. gr. laganna snýr að því að afmarka sakarefnið skýrlega allt frá upphafi þess og þröngar skorður eru settar við því að nýjar málsástæður eða kröfur komi fram eftir að stefna og greinargerð hafa verið lögð fram. Ákvæðið felur ekki í sér að gagnaðila sé skylt við fyrsta tækifæri, eftir að greinargerð hefur verið lögð fram, að bóka mótmæli við máltilbúnað stefnda. Mótmæli við málsástæðum stefnda skulu koma fram við munnlegan málflutning aðila. Er þessari málsástæðu stefnda því hafnað.

Stefndi byggir á því að 26. gr. fyrningarlaga nr. 150/2007 eigi við varðandi fyrningu reikninga stefnda á hendur stefnanda og séu því tækir til skuldajöfnunar. Eitt af skilyrðum skuldajöfnunar er að kröfurnar þurfa að vera gagnkvæmar, það er milli sömu aðila. Reikningur sem stefndi gaf úr á hendur Sávarheimi ehf. er ekki tækur til

skuldajöfnunar á móti kröfum stefnanda. Það skilyrði að báðar kröfurnar séu peningakröfur er uppfyllt. Stefnandi kveður kröfur stefnda fyrndar. Því mótmælir stefndi og kveðst byggja á 26 gr. fyrningarlaga nr. 150/2007 en þar segi að fyrning kröfu feli ekki í sér að kröfuhafi missi rétt til skuldajöfnunar ef samið hefur verið um þann rétt eða kröfurnar eru af sömu rót runnar og aðalkrafan hefur stofnast áður en gagnkrafan fyrntist.

Þeir reikningar sem koma til greina til skuldajöfnunar eru ofantaldir reikningar frá 29. febrúar 2016 til 21. mars 2017, samtals að fjárhæð 2.387.968 krónur.

Þar til stefna var gefin út þann 28. október 2021 snerist ágreiningur aðila um afhendingu á umþrættum lyftara. Í tölvupósti þann 14. nóvember 2019 frá lögmanni stefnanda til Íslyft ehf. er lagt til að ágreiningur um afhendingu lyftarans verði leystur áður en menn fara að flagga skaðabótakröfum vegna afnotamissis.

Með bréfi þann 15. júlí 2021 krafði stefnandi stefnda um bætur vegna afnotamissis, samtals að fárhæð 4.000.000 króna. Var sú krafa send með tölvupósti til lögmanns stefnda sem kvaðst koma kröfunni til skila til stefnda. Telur dómurinn að þá hafi aðalkrafan fyrst stofnast. Lögmaður stefnda hafnaði þeirri kröfu með tölvupósti þann 24. ágúst 2021. Verður fyrningarfrestur á gagnkröfunni því miðaður við 15. júlí 2021. Kröfur stefnda fyrnast á fjórum árum, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2007. Þann 15. júlí 2021 voru þær kröfur fyrndar sem stefndi byggir skuldajöfnunarkröfu sína á. Verður þeirri kröfu því hafnað.

Stefndi krefst einnig afsláttar á kröfu stefnanda þar sem stefnandi hafi auðgast um verðmætaaukningu lyftarans vegna viðgerðarinnar. Sé verðmætaaukningin 1.875.012 krónur sem eigi að koma til lækkunar á kröfum stefnanda.

Að beiðni stefnda var dómkvaddur matsmaður til að meta verðgildi lyftarans JL-8421. Eru niðurstöður matsmannsins raktar að framan.

Við aðalmeðferð málsins kom matsmaðurinn Garðar A. Garðarsson fyrir dóminn og kvaðst ekki hafa gengið úr skugga um það hvort sú vinna sem tilgreind sé á reikningi stefnda hafi verið unni þar sem lyftarinn hafi verið í óökuhæfu ástandi. Því hafi hann notast við 15% afföll á kaupverði lyftarans fram að 1. nóvember 2020 og bætt viðgerðarkostnaðinum við sem fram komi á viðgerðarreikningi stefnda og gefinn var út á Sjávarheim ehf.

Vitnið staðfesti matsgerð sína fyrir dóminum en tók fram að hann væri ekki vanur slíkri vinnu. Þá kvað vitnið sölu vera afstætt hugtak þar sem endanlegt verð sé það verð sem kaupandi og seljandi koma sér saman um en taldi að verðmat sitt væri líklegt

söluverð. Vitnið kvað ekki mikið framboð hafa verið á lyfturum þegar vitnið vann matsgerðina. Vitnið hafi haft samband við svokallaða „skransala“, aðila sem kaupir ýmis notuð tæki til að fá hugsanlegt verð á lyftaranum. Vitnið kvaðst ekki hafa haft við neitt annað að miða en viðgerðarreikninginn. Lyftarinn hafi staðið úti og verið farinn að ryðga og ekki hafi verið hægt að setja hann í gang. Vitnið kvað ekkert af viðgerðinni hafa verið „sokkin kostnaður“. Aðspurt hvort vitnið hafi gengið úr skugga um hvort sú vinna sem komi fram á reikningnum hafi farið fram kvaðst vitnið ekki hafa gert það þar sem lyftarinn hafi staðið úti í reiðileysi og ekki hægt að setja hann í gang.

Fyrir liggur að stefndi afhenti stefnanda lyftarann JL-8421 í lok ágúst 2021. Viðgerð á lyftaranum sem matsmaður byggir á við ákvörðun á verðmæti lyftarans var framkvæmd samkvæmt stefnda í september 2019. Matsspurningar stefnda snúast um verðmæti lyftarans fyrir og eftir viðgerð í september 2021. Þá voru sannanlega tvö ár liðin frá því að umrædd viðgerð fór fram.

Stefndi byggir kröfu sína um verðmætaaukningu á því að verðmæti lyftarans hafi aukist því sem nemur viðgerðarkostnaðinum.

Af gögnum málsins liggur fyrir að viðgerð á lyftaranum lauk í september 2019. Ekkert liggur fyrir um verðmæti lyftarans eftir viðgerðina á þeim tíma. Þá telur matsmaður verðmæti lyftarans með hliðsjón af kaupverði hans hafa rýrnað til ársins 2021 en leggur ekkert mat á það hvort verðmæti viðgerðarinnar og varahluta hafi rýrnað að sama marki á þeim tveimur árum sem lyftarinn var í vörslu stefnda eftir viðgerðina. Er því ósannað af hálfu stefnda hvert verðmæti lyftarans var í raun við afhendingu hans í september 2021. Þá verður ekki byggt á ofangreindri matsgerð varðandi verðmæti lyftarans við afhendingu hans í september 2021. Hefur stefnda því ekki tekist sönnun á því að um verðmætaaukningu hafi verið að ræða og verður stefnandi því sýknaður af þeirri kröfu stefnda.

Að þessu virtu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda bætur vegna afnotamissis lyftarans JL-8421 að upphæð 2.552.000 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 21. ágúst 2021 til greiðsludags.

Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 1.500.000 krónur í málskostnað. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Steinbock þjónustan ehf., skal greiða stefnanda, Golden Seafood Company ehf., 2.552.000 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 21. ágúst 2021 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 1.500.000 krónur í málskostnað.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari